

Nd.

34. Frumvarp til laga

[29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. n. k.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast bráðabirgðalán til útgerðarmanna, sem síldveiðar stunda í ár.

Sökum þess, að síldveiði hefur enn brugðizt í sumar fram að þessu, og hætta er á, að hún stöðvist alveg vegna erfiðleika síldarútgerðarmanna á að greiða kaup háseta og nauðsynjar til útgerðarinnar, hefur ríkisstjórnin leitað til Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um lánveitingu að fjárhæð allt að kr. 2 250 000.00 í þessu skyni, og verði lánin tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunda á þessu sumri, og Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. n. k.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.